

Ef skorin er forhúð af manni gegn hans vilja fer gerandi í fangelsi, en sé þolandinn barn er það refsilaust.

Af hverju á barn ekki rétt á sömu vernd og almennur borgari, hvar nákvæmlega kemur sá réttur inn. Er það þegar þau geta tjáð sig? Hvað þarf þolandinn að vera gamall?

Gerum ekki öðrum það sem við viljum ekki að aðrir gjöri okkur.

Hvað erum við að gera við nýbura? Sársaukinn við aðgerðina er verulegur, ef taugarnar eru sterkar getið þið hlustað á (ekki grát) heldur sársauka öskur hvítvoðungs við aðgerðina [www.plutorium.com/assets/circ.wav](http://www.plutorium.com/assets/circ.wav)

Hafði í kjölfar umræðu samband við móður mína laugardaginn 24. febrúar 2018 til að fá upplýsingar um hversvegna ég var umskorinn innan við tveggja ára. Hef haldið þessu leyndu í 63 ár, jafnvel systur mínar vissu þetta ekki. Felmtri slegin yfir að ég gæti munað atburð í lífi mínu frá 1955 sagði móðir mín að amma hefi látið gera þetta af nauðsyn, annars hefðu læknar á þessum tíma aldrei fallist á svona aðgerð.

Ég man enn langvarandi sviða í kynfærunum, hvernig ég þurfti að liggja til að geta sofið og hræðsluna við menn með spegla á höfðinu.

Erum við að breyta einhverju meira en bara kynfærum sveinbarna. Það er ekki útilokað að reynsla nýburans gangi dýpra í vitundina en reynsla síðari ára. Vitum við hvað við erum að gera varnarlausum börnum?

Er ekki rétt að nýburar fái öryggi og hlýju í örmum móður sinnar eftir fæðingu í stað þess að kvalir séu greyptar í vitund þeirra. Ég þekki afleiðingarnar af hinu síðarnefnda og hef ýmislegt að segja sálfræðingum hafi þeir samband við mig, reynslan vistast djúpt.

Primum non concere

Er ekki vissara að banna umskurð allavega þar til hægt er að sýna fram á að enginn langvarandi skaði hlýst af? Og aðgerðin sé sársaukalaus.

Rök fyrir að leyfa umskurð sökum þess að þetta verði þá gert utan heilbrigðisofnana eru veik. Það er engin leið að fela umskurð á drengjum, hann er augljós, og gerandinn veit að refsing bíður. Að skaðlegar aðgerðir séu löglegar vegna ótta við að þær verði skaðlegri ólöglegar er uppgjöf. Gerum svona ekki nema af illri nauðsyn.

Spurningin er ekki hvort hið veraldlega gefi undan þörfum smáhóps og leyfi umskurð, heldur eiga heittrúaðir einfaldlega að hætta þessum ósið.

Ég skora á háttvirta þingmenn að sýna þessum nýju einstaklingum okkar miskun, gerum fyrstu árin friðhelg, leyfum þeim að vaxa úr grasi í öryggi og án ótta. Tryggjum þeim þann einstaklingsrétt sem barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna skilgreinir.

Íslendingar eru af mörgum talin hugrökk þjóð, ég hef heyrt því fleygt oft en einu sinni erlendis. Treysti því að þið háttvirtir þingmenn gerið það sem þið vitið að er rétt og verndið einstaklingsrétt smábarna.